



Bæjarstjórn Árborgar
Austurvegur 2
800 Selfoss

Reykjavík 12.01.2019

Erindi: Afstaða Árborgar um áframhaldandi vinnu að alþjóðaflugvelli í sveitarfélaginu.

Frá því í apríl 2017 hefur markviss vinna verið lögð í verkefni um alþjóðaflugvöll í Árborg. Vinnan hefur einkum gengið út á að finna land og skoða hvaða forsendur þurfa að liggja fyrir til þess að uppbygging alþjóðaflugvelli og rekstur hans geti talist raunhæfur kostur.

Hluti af þeirri vinnu var íbúafundur sem haldin var 8. janúar s.l. með landeigendum á áhrifasvæði fyrirhugaðs flugvallar. Tilgangur fundarins var að fá athugasemdir og spurningar frá landeigendum til þess að bæjarstjórn gæti tekið upplýsta ákvörðun um hvort verkefninu skuli haldið áfram innan Árborgar eða ekki.

Áður haldið er áfram með verkefnið og ráðist er í kostnaðarsamar rannsóknir á jarðvegi, veðri, umhverfi og öðrum þeim þáttum sem kynntir voru á íbúafundinum þann 8. janúar, er nauðsynlegt að formleg afstaða sveitarfélagsins að liggja fyrir.

Er því óskað eftir að;

- i. sveitarfélagið taki ákvörðun um og upplýsi aðila um afstöðu þess um framhald verkefnisins og,
- ii. ef áhugi er til staðar, að sveitarfélagið gefi út formlega viljayfirlýsingu til þróunarfélags sem verður stofnað í kjölfarið af ákvörðun bæjarstjórnar.

Ef að ákvörðun Árborgar er að gefa út viljayfirlýsingu er lagt til að aðilar sammælist um efni og tilgang viljayfirlýsingar áður en hún verðu undirrituð.

Fyrir hönd óstofnaðs félags,

Andri Björgvin Arnþórsson, lögfræðingur.